

54. fundur haldin í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 26. nóvember 2009 kl. 17:00 í félagsheimilinu á Þórshöfn

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Sigurður Ragnar Kristinsson, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Jóhanna Helgadóttir, Gunnólfur Lárusson og Björn Guðmundur Björnsson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða

- a. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 12.11.09
Lögð fram til kynningar
 - b. Fundargerð ÍTN dags. 11.11.2009
Samþykkt samhljóða.
 - c. Fundargerð atvinnumálanefndar dags. 12.11.2009
Fundargerð samþykkt samhljóða og lið 5 vísað til fjárhagsáætlunar 2010.
 - d. Fundargerð Fræs ehf.(aðalfundur) dags. 19.11.09
Lögð fram til kynningar
 - e. Fundargerð Fræs ehf. (stjórnarfundur) dags. 19.11.2009
Lögð fram til kynningar
 - f. Fundargerð Drekasvæðis ehf. dags. 18.11.09
Lögð fram til kynningar
 - g. Fundargerð húsnæðisnefndar dags 20.11.2009
Fundargerðin samþykkt samhljóma.
 - h. Fundargerð MMP dags 10.11.2009
Lögð fram til kynningar
 - i. Fundargerð AÐ dags.13.11.2009
Lögð fram til kynningar
 - j. Fundargerð heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra dags 04.11.2009
Lögð fram til kynningar
- 2. Skýrsla sveitarstjóra.**
Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum. Í tengslum við skýrslu sveitarstjóra var eftirfarandi fært til bókunar.
- *Sveitarstjóri fór yfir styrkumsókn vegna Smalabitans*
Samþykkt að fela sveitarstjóra að klára málið. Samþ. með þremur atkvæðum gegn 2, einn sat hjá.

- *Sveitarstjóra falið að koma með tillögur er varða styrk til nýbygginga íbúða í Langanesbyggð.
Samþykkt samhljóða*
- *Sveitarstjórn Langanesbyggðar harmar þá einhliða ákvörðun ríkisvaldsins að hætta að greiða hluta kostnaðar vegna refaveiða. Skynsamlegra væri að efla eyðingu vargs og auka endurgreiðslur ríkisins. Ljóst er að sveitarfélögin ein geta ekki staðið undir kostnaði vegna þessa veiða. Ákvörðun þessi mun sérstaklega koma til með bitna illa á viðkvæmum svæðum þar sem fuglavarþ er mikið.
Samþykkt samhljóða.*

3. Innsend erindi.

- a. Bréf frá sýslumanninum á Húsavík dags. 17.11.09
*Í bréfi frá sýslumanni kemur fram ósk sýslumanns um afskriftir á útsvari þar sem tilraunir til innheimtu hafa ekki borið árangur og þessar skuldir séu fyrndar en um er að ræða skuldir frá árunum 2002-2005.
Samþykkt samhljóða að afskrifa þessar skuldir.*
- b. Styrkumsókn Stígamótum mótekið 18.11.09
Samþykkt samhljóða að styrkja Stígamót um 10.000 krónur.
- c. Bréf frá UMFÍ dags. 10.11.2009
Lagt fram til kynningar.
- d. Minnisblað dags. 10.11.2009 Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Lagt fram til kynningar

4. Fjárhagsáætlun Langanesbyggðar 2010 (fyrri umræða)

Fjárhagsáætlun 2010 lögð fram til fyrri umræðu.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl: 19:14.